

Nd.

613. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

2. liður 3. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935 orðist svo:

Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn kr. 150000.00, en jafnframt fellur niður tillag til sjóðsins samkv. 14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Við 3. gr. fyrrnefndra laga nr. 3 1935 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða til byggingarsjóðs samkv. 1. og 3. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

2. gr.

Í stað „5%“ í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935 komi: 4%.

3. gr.

Aftan við 3. tölulið 6. gr. laga nr. 3 9. jan. 1935 bætist:

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og taka til framlaga til sjóðsins á árinu 1941.